



Reykjavík 11. mars 2020

Efni: Upplýsingar vegna kórónaveiru COVID-19

Ágætu skólastjórnendur

Þess er óskað að þið komið meðfylgjandi bréfi á framfæri við nemendur og forráðamenn þeirra sem fyrst. Bréfið fylgir hér með á íslensku, ensku og pólsku.

Að öðru leyti vilja almannavarnir árétta við skólastjórnendur að:

- Ef staðfest smit kemur upp hjá nemanda eða starfsmanni skóla skal biðja viðkomandi að fara heim hið fyrsta og fara í einangrun. Skólastjórnendur skulu síðan leita ráðgjafar um næstu skref í síma 1700. Ef ekki næst samband við númerið 1700 skal hringja í næstu heilsugæslustöð. Skólastjórnendur grunnskóla leita til skólahjúkrunarfræðings.
- Mælst er til þess að nemendur með hita eða influensulík einkenni (hósti, þreyta, vöðva/bein/höfuðverkur) mæti ekki í skólann á meðan neyðarstig almannavarna er í gildi heldur stundi nám sitt að heiman, eftir því sem kostur er.
- Ef nemandi eða starfsmaður sem verið hefur á hættusvæði mætir í skóla skal biðja viðkomandi að fara heim og virða tilmæli um sóttkví.
- Við upplýsingagjöf til nemenda og foreldra um stöðu mála í skólanum, t.d. varðandi smit, er mikilvægt að huga að persónuverndarsjónarmiðum. Almennar tilkynningar með ópersónugreinanlegum upplýsingum eru í lagi en forðast skal alla miðlun og umræður um heilsufar einstakra starfsmanna eða barna, s.s. hvaða bekk eða fag kennari kennir eða í hvaða bekk viðkomandi nemandi er.
- Meðan smitakningar eru enn hluti af sóttvarnaráðstöfunum verður haft samband við þá sem þurfa að fara í sóttkví út frá upplýsingum frá þeim sem veikjast og e.t.v. skólayfirvöldum. Nauðsynlegar upplýsingar koma þá frá almannavörnum til þeirra sem málið varðar.
- Ekki hefur verið tekin ákvörðun um samkomubann eða mögulegt fyrirkomulag þess. Því verða skólastjórnendur að taka ákvarðanir um fyrirhuguð ferðalög, samkomur og viðburði á grundvelli nýjustu upplýsinga frá sóttvarnarlækni og almannavörnum. Þær má finna [hér](#) og [hér](#).

Almannavörnum og embætti landlæknis berast fjölmargar fyrirspurnir þar sem óskað er leiðsagnar um framkvæmd þeirra, frestun eða afboðun viðburða. Því miður er ekki hægt að veita slíka leiðsögn í síma 1700 eða hjá embættunum, bæði í ljósi mismunandi eðlis þeirra og vegna annríkis, og biðjum við fólk að virða það.

- Fyrirspurnum skóla sem snúa að **veikindum sem koma upp í skólanum** er svarað hjá heilsugæslum eða í vakt síma 1700. Leiðbeiningar um **sóttvarnaráðstafanir** í kjölfarið á slíku koma frá almannavörnum/sóttvarnalækni eða umdæmislæknum sóttvarna. Sjá einnig [leiðbeiningar landlæknisembættisins fyrir framlínustarfsmenn](#).
- Mikilvægt er að styðja námslega við þá nemendur sem mögulega þurfa að vera í sóttkví eða frá skóla vegna undirliggjandi sjúkdóma.

Almannavarnir vilja áréttta mikilvægi skóla í því samfélagslega verkefni að hægja á útbreiðslu veirunnar og þakka góð viðbrögð við þeim leiðbeiningum sem þegar hafa verið send út. Stefnt er að því að senda út reglulega upplýsingapósta til skólastjórnenda á meðan á neyðarstigi stendur.